

Sp. 141. Tillaga til þingsályktunar [114. mál]

um stöðvun uppsetningar kjarnaflugvopna og framhald samningaviðræðna í Genf.

Flm.: Stefán Benediktsson, Guðmundur Einarsson, Páll Pétursson,
Haraldur Ólafsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Ólafur Ragnar Grímsson,
Árni Gunnarsson, Svavar Gestsson, Guðrún Agnarsdóttir,
Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir því á vettvangi Evrópuríkja að viðræðum um takmörkun kjarnavopna í Genf verði haldið áfram, að frekari uppsetning kjarnaflugvopna í löndum Atlantshafsbandalagsins og Varsjárbandalagsins verði stöðvuð og næstu sex mánuðir notaðir til raunverulegra tilrauna til að ná samkomulagi um fækkun kjarnorkuvopna í Evrópu.

Greinargerð.

Augljóst er að flestir íbúar í aðildarríkjum NATO eru á þeirri skoðun að ekki skuli setja upp fleiri kjarnaflugvopn í Evrópu heldur fækka þeim sem fyrir eru. Tillaga sú, sem hér er flutt, gerir ráð fyrir að Sovétríkin og Bandaríkin stöðvi uppsetningu kjarnaflugvopna og samningaviðræðum um fækkun þessara vopna verði haldið áfram af auknum krafti.

Uppsetning Sovétríkjanna á SS-20, SS-4 og SS-5 kjarnaflugvopnum stofnar heimsfriði og öryggi í stórfellda hættu. Fullvíst er og að uppsetning þessara ógnarvopna bætir ekki samningsstöðu þeirra nema síður sé. Sú hótun, sem í uppsetningunni felst, er tvíþent þegar litið er til þess að beiting þessara vopna leiðir ekki aðeins tortímingu og dauða yfir Vestur-Evrópubúa heldur einnig bandamenn Sovétríkjanna og þau sjálf. Hið sama gildir um uppsetningu Pershing II og stýrifluganna. Tilvist þessara vopna er nóturleg staðreynd sem hefur jafnmikið vægi við samningaborðið hvort sem þeim er komið fyrir eða ekki. Uppsetning þessara eldflauga veikir aftur á móti þann siðferðilega bakhjarl sem vestrænir samningsaðilar geta átt í evrópskum friðarhreyfingum í dag. Flm. telja að Sovétríkin og Bandaríkin hafa í samningaviðræðunum í Genf verið of upptekin af áróðursstríði.

Tillaga þessi gerir ráð fyrir því að stórveldin verði knúin til þess að halda uppi alvarlegum samningaviðræðum nú á elleftu stundu.